

EFTIRLITSSKÝRSLA

Nesbúegg ehf. Vatnsleysuströnd, 190 Vogar



Dags eftirlits	2.11.2018	Ábyrgðarmaður eftirlits	Einar Halldórsson
Fyrirtæki	Nesbúegg ehf.	Eftirlitsmaður	Hulda Soffía Jónasdóttir
Heimili	Vatnsleysuströnd	Tegund eftirlits	Reglubundið seinna eftirlit
Kennitala	7112032140	Flokkur	Pauleldi
Fulltrúi fyrirtækis	Stefán Már Símonarson	ÍSAT nr.	01.47.2
Fulltrúi fyrirtækis		Staðsetning	

NIÐURSTAÐA EFTIRLITS

Farið var í síðara eftirlit ársins hjá Nesbúeggjum skv. tíðni eftirlitsáætlunar. Fram kom eitt frávik frá starfsleyfi er varðar niðurföll með ristum við vestari hús bússins. Við sama hús er komið á framfæri ábendingu vegna umgengni.

UMFANG EFTIRLITS

Byrjað var eftirlitið á fundi þar sem farið var yfir valin ákvæði í starfsleyfi. Rætt var um meðhöndlun fuglaskíts en skítur frá húsunum er sett í vagna sem er svo sturtað í forþró. Frá forþró er er svo dælt í stóran mykjupoka (e. Slurry bag). Geymslan er hugsuð sem vetrargeymsla en skíturinn er svo nýttur sem áburður á dreifingartíma. Rætt var um húsin sem eru undir lausagönguhænum en um 80% af skít er þar náð út vikulega með færriböndum en ákveðið lag myndast svo á gólfinu sem þarf að moka út þegar það verður of þykkt.

Rætt var um loftmengun frá starfseminni en skv. rekstraraðila hefur ekki mikið ryk verið að koma frá húsunum og ekki sáust ummerki þess í eftirlitinu. Rykskiljur eru á fóðurtönkum en á húsunum sjálfum er loftræstikerfi án eiginlegrar hreinsunar.

Farið var yfir skólþ og fráveitu á svæðinu. Skv. rekstraraðila eru niðurföll með ristum þar sem við á en vantar á einn stað við vestari hús bússins. Búið er að mæla fyrir staðsetningu rotþróa og verður stofnuninni send yfirlitsmynd þegar vinna við teikningu er lokið.

Bætt hefur verið úr frávikum frá síðasta eftirliti er varðaði olúgeymi á svæðinu. Geymir hefur verið færður ásamt því að setja upp árekstrarvörn.

Farið var í skoðunarferð um svæðið og inn í hús sem verið er að breyta í lausagönguhús. Við vestari hús bússins hafði úrgangur/skítur lekið frá húsinu og var rusl við frárennsli, bæta þarf því úr umgengni.

Frávik frá

grein 8.3

Lýsing á frávikum

Niðurföll skulu útbúin með ristum eða sambærilegum búnaði þannig að grófur óuppleystur úrgangur berist ekki í fráveitu. Við vestari hús vantar slíkan búnað.

ÁBENDINGAR

Bæta þarf úr umgengni við vestari hús bússins.

ANNAÐ

Teikning af rotþróum barst stofnuninni þann 19. nóvember.

Reykjavík, 06.12.2018


Einar Halldórsson

1 Frávik: Framkvæmd telst ekki í samræmi við kröfur sem settar eru fram í starfsleyfi, lögum eða reglugerðum.

2 Athugasemd: Ástand sem eftirlitsmaður telur vert að vekja athygli á í þágu heilsuverndar, umhverfisverndar og öryggis en sem ekki geta talist frávik.